

Föstudaginn 9. desember 1994.

Nr. 479/1994.

**Lind hf.**

(Skúli Th. Fjeldsted hrl.)

gegn

**Ólafi Á. Pálssyni**

Kærumál. Frávísunarúrskurður staðfestur.

### **Dómur Hæstaréttar.**

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Markús Sigurbjörnsson og Gunnlaugur Claessen og Ingibjörg Benediktsdóttir, settur hæstaréttardómari.

Sóknaraðili skaut máli þessu til Hæstaréttar með kæru 1. desember 1994, sem barst réttinum ásamt kærumálgögnum 2. sama mánaðar. Um kæruheimild er vísað til j-liðar 1. mgr. 143. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála. Hann krefst þess, að hinn kærði úrskurður verði felldur úr gildi og lagt verði fyrir héraðsdómara að taka málið til efnismeðferðar. Þá krefst sóknaraðili kærumálskostnaðar.

Varnaraðili hefur ekki látið málið til sín taka fyrir Hæstarétti.

Málavöxtum er lýst í hinum kærða úrskurði.

Í grein 2.1. í almennum ákvæðum samnings aðila um fjármögnunarleigu, dagsetts 10. apríl 1992, er mælt fyrir um heimild til uppsagnar samningsins vegna vanefnda leigutaka á ákvæðum hans. Þar segir meðal annars, að leigutaki viðurkenni rétt leigusala til að taka til sín leigumuninn, hvar sem hann kunni að vera niður kominn. Í grein 2.2. er meðal annars að finna ákvæði um uppgjör í kjölfar uppsagnar samningsins vegna vanefnda leigutaka. Skal leigutaki þá greiða alla gjaldfallna og ógjaldfallna leigu til loka upphaflegs samningstíma svo og tjón vegna vanefndanna og kostnað leigusala. Frá skuldinni skal draga andvirði hins leigða, og skal þá miða við endursöluverð leigumunar við afhendingu. Í stað þess að sæta slíkum frádrætti getur leigusali einnig farið þá leið að falla frá eignarrétti sínum að leiguhlutnum og krefja leigutaka um fullar efnir samningsins.

Vegna vanefnda varnaraðila á samningnum beindi sóknaraðili að honum uppsögn með símskeyti 28. apríl 1994. Var þá jafnframt

skorað á leigutaka að skila hinni leigðu vörubifreið, enda yrði andvirði hennar dregið frá skuldinni. Í málatilbúnaði sóknaraðila kemur fram, að leigutaki hafi ekki orðið við þeirri áskorun. Hins vegar sér þess ekki stað í gögnum málsins, að sóknaraðili hafi gert reka að því að ná til sín umráðum bifreiðarinnar með aðför, sem óhjákvæmilegt hefði verið af þessum sökum, til að uppgjör gæti farið fram með þeim hætti, að andvirði hennar yrði dregið frá skuld varnaraðila. Hefði sóknaraðili viljað komast hjá slíkum frádrætti, átti hann þess einnig kost að falla frá eignarrétti sínum að bifreiðinni og krefja varnaraðila um fullar efndir. Enga yfirlýsingu er að finna um þetta í málatilbúnaði sóknaraðila í héraði, sem er þvert á móti á því reistur, að varnaraðili verði dæmdur til að greiða skuld sína að fullu, en sóknaraðili haldi engu að síður áfram eignarráðum sínum á leiguhlutnum. Yfirlýsing í greinargerð sóknaraðila fyrir Hæstarétti um, að endursöluverð bifreiðarinnar verði dregið frá dómkröfu á síðari stigum, fái hann bifreiðina afhenta, breytir engu hér um.

Samkvæmt framansögðu eru þeir annmarkar á málatilbúnaði sóknaraðila, að dómur verður ekki lagður á kröfur hans í því horfi, sem þær eru, sbr. einnig 1. mgr. 96. gr. laga nr. 91/1991. Ber því að staðfesta hinn kærða úrskurð.

Kærumálskostnaður verður ekki dæmdur.

### D ó m s o r ð:

Hinn kærði úrskurður er staðfestur.

### Úrskurður Héraðsdóms Reykjavíkur 18. nóvember 1994.

Mál þetta höfðaði Lind hf., kt. 610886-1679, Lágmúla 6, Reykjavík, með stefnu, birtri 20. júní sl., á hendur Ólafi Pálssyni, kt. 221267-4009, Sigtúni 27, Patreksfirði.

Málið var tekið til dóms eða úrskurðar fyrr í dag.

Stefnandi krefst greiðslu 4.298.703 kr. auk dráttarvaxta [...] og málskostnaðar.

Stefndi hefur eigi sótt þing í máli þessu og því ekki gert neinar kröfur.

Stefnandi lýsir málavöxtum svo, að stefndi hafi tekið á leigu Mercedes Benz-vörubifreið með samningi, dagsettum 10. apríl 1992, en samningi þessum hafi verið breytt með svokallaðri skuldbreytingu 29. desember 1993. Leigutími hafi verið ákveðinn 60 mánuðir. Um leigufjárhæð og leigu-

greiðslu segi, að stefndi skuli greiða 50.451 kr. í desember til apríl og 100.902 kr. í maí til nóvember mánaðarlega, uppfært miðað við lánskjara-vísitölu 3347, í 60 skipti, í fyrsta sinn 31. desember 1993.

Stefnandi segir stefnda vera í vanskilum með greiðslur samkvæmt samningi þessum frá og með gjalddaga 31. desember 1993. Stefnandi hafi ekki fengist til að greiða vanskilin, og leigumun hafi ekki verið skilað. Vegna vanskila þessara hafi samningnum verið sagt upp með símskeyti, sem sent hafi verið stefnda 27. apríl sl. Uppsögn þessa byggir stefnandi á gr. 2.1. í samningi aðila og kveðst innheimta skuldina á grundvelli gr. 2.2. í sama samningi.

Stefnufjárhæð sundurliðar stefnandi svo:

1. Gjaldfallnar leigugreiðslur á uppsagnardegi .....	kr.	258.084
2. Gjaldfelldar eftirstöðvar á uppsagnardegi, sbr. gr. 2.2.-b í samningnum .....	-	3.245.477
3. Virðisaukaskattur af gjaldfelldum eftirstöðvum .....	-	795.142
		<hr/>
	Samtals	kr. 4.298.703

Auk ákvæða þeirra í samningi aðila, er áður getur, styður stefnandi kröfur sínar við almennar reglur kröfu- og samningaréttar um greiðslu fjárskuldbindinga. Þá vísar hann jafnframt til vaxtalaga og til 130. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála.

#### *Niðurstaða.*

Í stefnu er því lýst af hálfu stefnanda, að leigumun hefði ekki verið skilað. Er þar ekkert að finna um verðmæti bifreiðarinnar eða hvernig því skyldi verið við uppgjör milli aðilanna. Í gr. 2.2.-d í samningi þeim, sem kröfur eru reistar á, segir þó, að frá skuld skuli draga „endursöluverð leigumunar við afhendingu“. Krafa sú, sem stefnandi á skv. ákvæðum samningsins, er ekki hærri en samningurinn í heild mælir fyrir um, og því hefur stefnandi ekki lýst kröfu sinni nægilega, svo að leyst verði úr málinu efnislega og til fullnaðar.

Samkvæmt þessu er málið svo vanreifað, að því verður vísað frá dómi. Málskostnaður fellur niður.

Jón Finnbjörnsson dómarafulltrúi kveður upp úrskurð þennan. Meðferð máls þessa hefur dregist talsvert vegna mikilla anna við dómstólinn.

#### Ú r s k u r ð a r o r ð:

Máli þessu er vísað frá dómi. Málskostnaður fellur niður.